

107 Óraskaður standa með þeirri breytingu, að upphæð sú, sem Leiðvallahreppi 16. sept. ber að endurgjalda, færist niður í 107 kr. 66 aura.

Dráttur sá, sem orðið hefir á máli þessu hjá amtinu frá $\frac{24}{8}$ 1891 til $\frac{31}{8}$ 1894 er mjög vítaverður, og hefði ef til vill mátt komast hjá honum, ef málið hefði á rjettum tíma verið lagt undir úrskurð sýslumannsins í Skaptafellssýslu, samkv. reglugj. $\frac{3}{1}$ 1834, 3. gr. 3. málslið.

108 Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um sveitfesti þurfalings. — Eptir að jeg með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, 16. sept. dags. 31. f. m., hefi mótttekið umbeðnar skýrslur sem og önnur málskjöl viðvíkjandi sveitfestismáli Hjartar Theodors Johannessonar, sem með amtsúrskurði dags. 16. júní 1894 er úrskurðaður sveitlægur í Eyrarsveit í Snæfellsnessýslu, en úrskurði þessum hefir hreppsnefndin í tjeðum hreppi áfrýjað til mín, skal jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður það er nú skal greina:

Hinn umræddi Hjörtur Theodor Johannesson, sem hefir notið sveitarstyrks í Bæjarhreppi í Strandasýslu, er fæddur utan hjónabands 8. okt. 1858 á Hallbjarnareyri í Eyrarhreppi, og hefir hvergi áunnið sjer sveitfesti. Það er sannað með framkomnum skýrslum, að móðir hans, Sigurdrif Guðbrandsdóttir, átti ekki fast heimili í Eyrarsveit, heldur var hún þar að eins um stundarsakir á dvöl, þegar hún varð ljettari að nefndu barni, Hirti Theodor. Það hefir ekki orðið sannað, hvar hún hafi átt heimili eða hvort hún hafi átt nokkurt fast heimili um þær mundir eða verið ráðin í nokkra vist þegar hún fór þaðan að afloknun barnsburði, en hitt er fullsannað, eins og þjer hafið tekið fram í þóknanlegu brjefi yðar, dags. 8. febr. þ. á., að næst á undan bráðabirgðadvöl sinni í Eyrarsveit átti hún lögheimili á Ósi í Skógarstrandarhreppi, og ber því samkvæmt fyriræmum 7. greinar í fátækrareglugjörð 8. jan. 1834 að álíta þann hrepp sem fæðingarhrepp Hjartar Theodors Johannessonar.

Með því að hann, eins og áður er á vikið, hefir aldrei dvalið 10 ár samfleytt í sama hreppi eptir 16 ára aldur, ber að úrskurða hann sveitlægan í þeim hreppi, sem eptir lögunum verður að teljast fæðingarhreppur hans; skal því hjer með úrskurði amtsins frá 16. júní 1894 breytt þannig, að Hjörtur Theodor Johannesson skal sveitlægur í Skógarstrandarhreppi, og ber þeim hreppi að endurgjalda Bæjarhreppi í Strandasýslu framlag hans til tjeðs þurfamanns eptir sanngjörnum eða úrskurðuðum reikningi.

Jafnframt því þjónustusamlega að tjá yður þetta, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, skal þess getið, að auk þess sem talsverður dráttur hefir orðið á máli þessu hjá amtinu í tíð fyrirrennara yðar, er það vítavert við meðterð málsins, að það sjest ekki, að það hafi verið lagt undir úrskurð sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu áður amtíð tók málið til úrskurðar, eins og átt hefði að gjöra sbr. reglugj. 8. jan. 1834, 3. gr. 3. málsgrein.

109 Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um 18. sept. fúlgugreiðslu af hálfu vistarsveitar barnsföður. — Eptir að hafa fengið þókanlegt

brjef yðar, herra amtmaður, dags. 31. júlí þ. á. og þar með fylgjandi erindi með 109 fylgiskjölum frá hreppsnefndinni í Vestmannaeyjahreppi, þar sem hún áfrýjar^{18. sept.} til mín úrskurði amtsins 12. nóv. f. á., er ákveður, að tjeður hreppur skuli greiða til Hvolhrepps í Rangárvallasýslu 60 kr. sem fúlgu fyrir árið frá 14. maí 1891 til 14. maí 1892 með 2 óskilgetnum börnum Elína Þorbergsdóttur, sem er á sveitarframfæri í Hvolhreppi í Rangárvallasýslu, með því að faðir barnanna Ögmundur Ögmundsson, til heimilisí Vestmannaeyjum, galt eigi tjeða fúlgu, er honum með amtsúrskurði hafði verið gjörð, skal jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður það, er hjer segir:

Málið er þannig vaxið, að skömmu eptir að lögin um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl. 24. jan. 1890 voru komin í gildi óskaði hreppsnefnd Hvolhrepps amtsúrskurðar um meðlag Ögmundar Ögmundssonar með ofangreindum börnum, og hinn 11. febr. 1892 útgaf hinn þáverandi setti amtmaður síðan meðlagsúrskurð, þar sem upphæð meðlagsins var tiltekin. Hinn 28. apríl s. á. ritaði því næst hreppsnefnd Hvolhrepps sýslumanni sínum, og óskaði aðstoðar hans til að ná meðlögunum hjá Ögmundi eða hlutaðeigandi dvalarsveit. En þar sem ótiltekið var í amtsúrskurðinum, frá hverjum tíma meðlagsskyldan skyldi teljast, var á ný leitað úrskurðar um það atriði, er fjell svo, hinn 27. okt. 1892, að meðlagið skyldi greiðast frá þeim tíma, er lögin 24. jan. 1890 náðu gildi, eða frá 14. júní 1890. Að fengnum þessum nýja úrskurði flutti sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu kröfu hreppsnefndarinnar í Hvolhreppi áleiðis til hreppsnefndarinnar í Vestmanneyjahreppi, með brjefi til sýslumannsins í Vestmannaeyjum, dags. 4. nóv. s. á., og krafðist þess að meðlagið frá 14. júní 1890 væri innheimt hjá barnsföðurnum eða hreppsnefndinni, og þar sem sýslumaður taldi ekki til neins að krefja barnsföðurinn, sendi hann hreppsnefndinni kröfuna 11. jan. 1893, en hún neitaði að borga af ýmsum ástæðum; hefir síðan málið gengið frá einu úrskurðarvaldi til annars með nokkrum tögum.

Hreppsnefndin í Vestmannaeyjahreppi hefir nú í erindi sínu, dags. 13. apríl þ. á. farið fram á, að fyrnefndur úrskurður yðar um málið, dags. 12. nóv. f. á. verði úr gildi felldur að því leyti sem hann ákveður, að tjeður hreppur skuli greiða Hvolhreppi fúlguna fyrir vistarárið 1891—1892, og að auk þess verði ákveðið, að Vestmannaeyjahreppur skuli að öllu laus við fúlgugreiðslu til Hvolhrepps frá 14. júní 1890 til 14. maí 1893; færir hún þær ástæður fyrir kröfum þessum: 1. að meðlagsúrskurðir amtsins hafi ekki verið birtir barnsföðurnum þegar krafan kom fram, og ekki fyr en á áliðnu sumri 1894, en það sje skilyrði fyrir því, að barnsfúlga verði heimtuð af sveitarsjóði, að þar að lútandi amtsúrskurður hafi á löglegan hátt verið birtur barnsföðurnum, og það þar eptir sje fram komið, að hann vilji ekki eða geti ekki greitt fúlguna; 2. að það sje ósannað, að Ögmundur hefði ekki getað látið nokkuð af hendi rakna hin fyrirfarandi ár, ef hann hefði verið krafinn í tíma á lögmætan hátt; 3. að krafa Hvolhrepps í brjefi 28. apríl 1892, sem hreppsnefndin viðurkennir að hefði verið lögmæt fyrir tímabilið frá 14. júní 1890 til 14. maí 1891, ef amtsúrskurðurinn hefði áður verið birtur Ögmundi, hafi að eins snert það tímabil (^{14/6}90—^{14/5}91) en fyrir vistarárin 1891—92 og 92—93 hafi engin krafa framkomið frá Hvolhreppi fyrr en eptir 14. maí 1894, og að fúlgurnar fyrir þessi ár sjeu því burt-

109 fallnar sakir forsómunar í því að heimta þær á rjettum tíma, fyrir síðasta árið 18. sept. í senn; en síðar áfallnar fúlgur hefir nefndin greitt.

Það verður þó ekki sjeð, að ástæður þessar hafi nægileg rök við að styðjast. Lögin um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl., 24. jan. 1890, setja það alls ekki sem skilyrði fyrir greiðsluskyldu vistarsveitarinnar, að úrskurður amtsins um fúlgugreiðslu barsföðurins skuli vera birtur honum, hvorki á neinn ákveðinn hátt nje yfir höfuð, og það verður ekki sagt, að það liggi í hlutarins eðli, að slík birting sje nauðsynleg. Tilgangur lagagreinarinnar, er hjer að lýtur, er sá, að tryggja rjett barnsmóðurinnar, og jafnframt spara henni umstang, og ákvæðin eiga eptir orðunum, sem ekki er heimild til að draga úr, þegar við, þegar barnsfaðirinn ekki greiðir fúlguna góðfúslega í gjalddaga, og það er í þessu tilliti þýðingarlaust, hvort hann lætur hjálíða að greiða fúlguna af getuleysi eða af öðrum ástæðum; það skiptir því ekki máli, hvort Ögmundur hefði getað greitt nokkuð, ef hann hefði verið krafinn, þegar er hreppsnefndin í Hvolhreppi fór þess á leit, enda var það ekki henni að kenna, að það var ekki gjört, heldur var það sök hlutaðeigandi yfirvalda. Að því er loks snertir hina þriðju ástæðu, að ekki hafi fyrirlegið krafa frá hreppsnefndinni í Hvolhreppi um árstúlgu þá, er úrskurður yðar hljóðar um, verður að álíta, að margendurteknar kröfur sýslumannsins í Rangárvallasýslu fyrir hreppsnefndarinnar hönd til sýslumannsins í Vestmannaeyjasýslu fyrir hönd hreppsnefndarinnar þar á tímabilinu frá 4. maí 1892 til 5. júní 1894, er síðarnefndri hreppsnefnd gafst færi á að kynna sjer, sje nægileg og lögmæt krafa, og að öðru leyti skýrskotast til landshöfðingjaurskurðar 12. jan. þ. á. (Stjórnart. 1895 B, bls. 3) þar sem úrskurðað er, að skylda sú, sem 3. gr. laga 24. jan. 1890 leggur vistarsveit barnsföður á herðar, verði eingöngu að miðast við þann tíma, þegar krafan á hendur sveitinni er gjörð, þannig, að barnsföðurhreppurinn sje skyldur að greiða þá fúlgu, sem hann að fullnægðum skilyrðum laganna hefur verið krafinn um, áður en ár var liðið frá því er hún fjell í gjalddaga, án tillits til þess, hvort krafan er búin að missa lögtaksrjett eða ekki, þegar endanlega verða úrskurðuð framkomin mótmæli. — Samkvæmt þessu ber að staðfesta úrskurð yðar í máli þessu, að því er snertir ársmeðlagið fyrir vistarárið 1891—1892, og auk þess verður samkvæmt kröfu hreppsnefndarinnar í Hvolhreppi í brjefi dags. 1. apríl þ. á. að skylda hreppsnefndina í Vestmannaeyjahreppi til þess að greiða hina ákveðnu fúlgu fyrir vistarárið 1892—1893 með 60 kr. Aptur á móti kemur ekki til álíta, hvort hreppsnefndinni beri skylda til að inna af hendi fúlguna fyrir tímabilið 14. júní 1890 til 14. maí 1891, því að úrskurði yðar hefur ekki verið áfrýjað að því leyti.

Þetta tilkynnist yður hjer með þjónustusamlega, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Styrkur til búnaðarfjelaga.

13. ágúst var samkv. auglýsingu 23. okt. 1893, (Sj.tíð. 1893, B. bls. 136) úthlutað styrk þeim, sem ræðir um í 10. gr. C. 4. b. í tjárlögunum fyrir árin 1894 og 1895 til eptirnefndra 100 búnaðarfjelaga, sem sent höfðu bónarbrjef til landshöfðingja í tæka tíð og að öðru leyti fullnægt